

Mánudaginn 21. júní 1937.

Nr. 51/1936. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Thomas Wilfred Morgan

(Lárus Fjeldsted).

Togaraskipstjóri dæmdur til refsingar fyrir ólöglegan umbúnað veiðarfæra.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 6. apríl 1936: Kærði, Thomas Wilfred Morgan, greiði 4100 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 90 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa og vararefsingin verði 75 daga einfalt fangelsi.

Eftir þessum málalokum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa, og vararefsingin verði 75 daga einfalt fangelsi, ef sektin greiðist ekki innan greindra 4 vikna.

Kærði, Thomas Wilfred Morgan, greiði allan

áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstréttarmálflytningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 150 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Thomas Wilfred Morgan, skipstjóra á togaranum G. Y. Vambery, fyrir brot gegn lögum nr. 5 1920, um hann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 9. maí 1907. Hann hefir eigi áður, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Síðdegis hinn 4. þ. m. var varðskipið Ægir stutt á landhelgisvæðinu undan Stafnesi. Meðal annarra skipa, sem varðskipið hélt auga með, var eitt skip, sem stutt var utan landhelginnar norður af varðskipinu, og var alltaf öðru hvoru að snúast í hringi. Kl. 22,25 hélt varðskipið af stað og vék úr vegi fyrir skipi þessu, sem nú var komið á ferð og hafði stefnu beint á varðskipið. Eftir að varðskipið var komið úr siglingarleið skipsins, snéri það við og hélt á eftir því, enda kom þá í ljós, að þetta var togarari, er síðan reyndist vera fyrrgreint skip með kærða sem skipstjóra.

Er varðskipið nálgadist togarann, lýsti það á hann með ljóskastara, og sást þá greinilega, að hlerar stjórnborðsvörpu togaranum hingu í gálgunum. Kl. 22,35 var togaranum gefið stöðvunarmerki og nam hann staðar kl. 22,37. Kl. 22,45 var af yfirmönnum varðskipsins gerð eftirfarandi staðarákvörðun hjá togaranum:

Garðskagaviti	> 23,00'
Stafnesviti	> 114,10'
Reykjanesaðalviti	

Dýpi mælt 76 metrar, sem gefur stað varðskipsins 1,35 sjómilur innan landhelglinunnar.

Bátur var þvinæst sendur frá varðskipinu um borð í togarann, og reyndist frágangur veiðarfæra um borð í togaranum þá þannig: Hlerar stjórnborðsvörpu hengu í gálganum utan borðs og var dragstrengjum og öðrum tilheyrandi virum lásað í þá. Varpan var laus á þilfarinu, nema framvængur hennar, sem hékk upp í reiða. Hnytt var fyrir vörpupokann. Veiðarfærin mátti því láta í sjó án nokkurs sérstaks undirbúnings, en þar, sem skipið var stöð, eru fiskimið, sem nú eru talin vera mjög eftirsótt.

Framangreind lýsing á sakarefninu er byggð á skýrslu skipherrans á varðskipinu Ægi og eiðfestum framburði 2. stýrimanns á varðskipinu, að því er fyrrgreindar mælingar snertir. Kærði hefir játað, að skýrsla skipherrans sé rétt að því er lýsingu á ásigkomulagi veiðarfæra hans um borð í skipinu snertir, en hann hefir hinsvegar staðfastlega neitað, að skip hans hafi verið í landhelgi, er varðskipið kom að honum. Það verður þó eigi talið, að kærða hafi tekizt að færa fram nein gögn, er hnekki fyrrgreindri niðurstöðu yfirmanna varðskipsins í þessu efni, og verður því að telja kærða sannan að sök um brot gegn 2. gr. laga nr. 5 frá 1920 og ber með hliðsjón af því, að skip kærða var stöð á veiðisvæði og gat án nokkurs sérstaks undirbúnings hafið veiðar, eins og áður greinir, að tiltaka refsingu hans eftir 2. mgr. 3. gr. sömu laga. Að þessu athuguðu og með hliðsjón af núverandi gullgengi krónunnar þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 4100 kr. sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 90 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

